

Steinunn Kristjánsdóttir  
Vala Gunnarsdóttir  
Helga Jónsdóttir

## Kortlagning klaustra á Íslandi

### Möðruvellir



Reykjavík 2015

# Efnisyfirlit

|                                     |           |
|-------------------------------------|-----------|
| <b>INNGANGUR</b> .....              | <b>3</b>  |
| <b>MÖÐRUVELLIR</b> .....            | <b>3</b>  |
| FJARKANNANIR .....                  | 5         |
| KÖNNUNARSKURÐIR .....               | 6         |
| <b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....            | <b>7</b>  |
| <b>HEIMILDASKRÁ</b> .....           | <b>9</b>  |
| <b>VIÐAUKAR</b> .....               | <b>10</b> |
| 1. FUNDASKRÁ .....                  | 10        |
| 2. TEIKNINGAR .....                 | 10        |
| 3. LJÓSMYNDASKRÁ .....              | 13        |
| 4. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM ..... | 16        |

© Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2015  
Kortlagning klaustra á Íslandi: Möðruvellir  
Vettvangsskýrsla XI

Reykjavík: höfundar

Forsíðumyndin: Unnið við jarðsjármælingar á Möðruvöllum vorið 2015 (ljósm. Steinunn Kristjánsdóttir).

## Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar um klaustrin fjórtán sem rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000–1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ.

Farnar voru tvær vettvangferðir á Möðruvelli í Hörgárdal, þar sem eitt af klaustrunum fjórtán var rekið, í maí og júní 2015. Dagana 8. og 10. maí voru gerðar fjarkannanir með viðnáms- og segulmælum á staðnum. Í þeirri ferð voru starfsmenn átta talsins, auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra. Mark Graham sá um viðnámsmælingar og Frank Giecco sá um segulmælingar. Að auki voru aðstoðarmenn þeirra þau Jennifer Grayburn, Joanne Stamper, Lynda Howard, Ian Thomson og Mick Fairfield.

Dagana 23. og 26. júní voru starfsmennirnir þrír auk Steinunnar, það voru Hermann Jakob Hjartarson, Helga Jónsdóttir og Scott Riddel. Þar sáu starfsmenn um töku könnunarskurða, ljósmyndun og skráningu gagna. Allir starfsmennirnir eru fornleifafræðingar en að auki er Riddel doktorsnemi í umhverfisfræði. Í skýrslunni er fjallað um fyrstu niðurstöður þessarar könnunar. Vísað er til skýrslna um niðurstöður sértækra greininga til frekari upplýsinga. Höfundar vilja þakka ráðsmanni staðarins, Þóroddi Sveinssyni, sr. Oddi Bjarna Þorkelssyni presti á Möðruvöllum og Róberti Jósavinsyni sem nýtir tún þar fyrir veitta aðstoð. Loks er Kristjáni Þorvaldssyni hjá Garðverki á Akureyri þakkað fyrir vandaða gröfuvinnu.

## Möðruvellir

Munkaklaustrið á Möðruvöllum í Hörgárdal var stofnað árið 1296. Var það priorsklaustur af reglu Ágústínusar en Hólabiskup var ábóti þess. Klaustrið brann ásamt kirkju til kaldra kola árið 1316 en var endurreist árið 1326 með liðstyrk frá systurklaustrinu í Helgisetri í Noregi eftir miklar deilur á milli bræðranna og biskups. Eftir það var það rekið til siðaskipta árið 1547 (Janus Jónsson 1898, bls. 256 og 263). Reksturinn gekk þó alla tíð brösuð. Bókakostur þess var engu að síður alltaf áberandi mikill, t.d. í samanburði við bókakost nágrannaklaustursins á Munkaþverá (Íslenskt fornbréfasafn V, bls. 286–290; IX, bls. 317–318). Þess er einnig getið í annálum að biskup hafi eitt sinn reynt að flytja klaustrið til Hóla en

að bræðurnir hafi komið í veg fyrir það. Óvíst er hvenær það var en í Skálholtsannáll segir að þetta hafi verið árið 1353 en Lögmannsannáll 1328–1329 sem er líklegra ártal. Deilurnar stóðu nokkurn tíma og enduðu með því árið 1342 að nokkrir bræðranna voru fangelsaðir (Árni Daníel Júlíusson 2014, bls. 78).

Fáum sögum fer af klaustrinu öldina sem fór í hönd og allt þar til biskup leigði klaustrið út til þriggja ára frá 1430. Leigjandinn, sr. Jón Bjarnason, átti sem forstöðumaður að standa skil af tekjum staðarins, halda prest og djákna og fæða og klæða tvo bræður (Íslenskt fornbréfasafn IV, bls. 416–417). Árið áður vísiteraði biskup á Möðruvöllum en þar sést hversu snaukt klausturbúið var í samanburði við önnur klaustur í Hólabiskupsdæmi. Í því voru 24 gamlar kýr, 55 ær, 51 sauður, 44 naut, átta kálfar, fimm uxar og 33 hestar (Árni Daníel Júlíusson 2014, bls. 79). Einn próventusamningur var síðan gerður í tíð sr. Jóns en það bendir til þess að traust til klaustursins hafi vaxið eftir að hann tók við rekstrinum. Próventusamningurinn var gerður þegar Oddur Þorsteinsson og Guðríður Þorgeirsdóttir gefa klaustrinu jörðina Arnarnes gegn því að búa í klaustrinu í elli sinni. Samkvæmt samningnum fá þau afnot af Litlu-stofu, nema þegar biskup er á staðnum (Íslenskt fornbréfasafn IV, bls. 471).

Rekaskrá Möðruvallaklausturs sýnir að það hafi haft ítök víða í Þingeyjarsýslum en hlutur þess var hins vegar alltaf lítill á móti Hólastað (Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 310–314). Jarðeign klaustursins er þó að nokkru óljós. Árni Daníel Júlíusson telur að hún hafi verið töluverð þar til svartí dauði herjaði á landsmenn því árið 1447 eru 38 jarðir af 72 í eigu Möðruvallaklausturs farnar í eyði (Árni Daníel Júlíusson 2014, bls. 79). Eftir þetta vex góssið lítið, því árið 1525 á klaustrið 52 jarðir en óvíst er hversu margar af þeim voru í eyði (Íslenskt fornbréfasafn IX, bls. 318–319; Árni Daníel Júlíusson 2014, bls. 80).


Ekki er vitað hvenær kirkja var fyrst reist á staðnum en Möðruvellir er orðinn kirkjustaður árið 1162 því það ár var Guðmundur góði Arason biskup fermdur þar, þá aðeins á fyrsta ári (Sturlunga saga I 1988, bls. 121). Á árunum 1302–1303 var klausturkirkja reist á staðnum (Kristinn Magnússon 2007, bls. 191). Núverandi kirkja var byggð árið 1867 en óljóst er hvor hún standi á grunni klausturkirkjunnar eða þeirrar kirkju sem reist var áður en klausturhald hófst á staðnum. Nýr kirkjugarður var vígður á Möðruvöllum árið 1951 og er hann nokkru sunnan við hinn gamla.

Nákvæm staðsetning miðaldaklaustursins er ekki þekkt. Eina húsið sem nefnt er í Fornbréfasafni í tengslum við klaustrið er Litla-stofa sem sagt er frá í tengslum við próventusamninginn (Íslenskt fornbréfasafn IV, bls. 471). Engin peningshús eru nefnd, enda

virðist sem að Möðruvallaklaustur hafi öðru fremur verið fræðasetur og prestaskóli fyrir Hólastól, sé horft til bókakostsins. Ekki var heldur alltaf ætlast til þess að Ágústínusarbræður sem ráku fræðasetur stæðu í búskap og eignaumsýslu því hlutverk þeirra var fyrst og fremst að sjá um menntun presta og að uppfræða fólk um kristna trú.

## Fjarkannanir

Í maí fóru fram fjarkannanir á staðnum. Mæld voru þrjú misstór svæði með segul- og viðnámsmælum. Fornt bæjarstæði sem nefnist Jaðar var mælt en það er rétt norðan við nýja kirkjugarðinn. Þar má sjá rústir samnefnds bæjar en óvíst er hversu gamall hann er. Illa gekk að mæla svæðið vegna þess hve óslétt og þýft þar er. Nokkuð viðnám mældist þó á staðnum en segulmælingarnar sýndu lítið.



Mynd 1: Niðurstöður viðnámsmælinga á Möðruvöllum. Mynd: Grampus Heritage & Training Limited.

Nærri allt túnið sunnan við prestshúsið var mælt og þar í ljós rask í báðum mælunum. Rask þetta nær yfir mjög stórt svæði en ekki er ljóst hvort það sé vegna náttúrulegra ummyndana eða ekki en þetta gæti mögulega verið leifar af garði. Virðist sem að raskið myndi hornréttá rúst sem er ca. 25x25 m á stærð (mynd 1).

## Könnunarskurðir

Teknir voru fjórir könnunarskurðir á Möðruvöllum (mynd 2). Þrír þeirra voru teknir á svæði sem mæld höfðu verið með segul- og viðnámsmælum og bentu til rasks undir yfirborði. Sá fjórði var tekinn norðan við kirkjugarðinn. Þar fannst eitt sinn legsteinn sem kann að hafa verið yfir gróf eins klausturbróðursins, sé tekið mið af áletrun steinsins. Engar mælingar voru gerðar þar.



Mynd 2: Staðsetning könnunarskurða á Möðruvöllum (kort: Vala Gunnarsdóttir).

Könnunarskurður 1 var tekinn bæjarstæði Jaðars. Hann var 1 x 2 m á stærð og lá í N-S. Grafa var fengin til þess að grafa burtu efstu lögin. En þar sem engin mannvist fannst í skurðinum gróf grafan áfram niður á 1 meters dýpi, þar til komið var niður á óhreyft malarlag. Tekin voru gjóskusýni úr tveimur ljósum gjóskulögum í skurðinum og voru þau bæði greind úr eldgosum í Heklu á forsögulegum tíma (Magnús Á Sigurgeirsson 2015, bls. 4).

Könnunarskurður 2 var tekinn í túninu um 190 metrum sunnan við prestshúsið. Þar kom einmitt fram rask í jörðu við segul- og viðnámsmælingar. Einnig sáust upphækkanir á yfirborði. Skurðurinn var 1 x 3 m á stærð og lá í A-V. Grafið var með gröfunni í gegnum efstu lögin. Í vesturjaðri skurðarins var komið niður á símalínu en haldið var áfram að grafa í

austurhlutanum með gröfunni. Grafið var niður á um 110–120 cm dýpi en þá var komið niður á malarlag eins og það sem fannst í könnunarskurði 1. Torf sást í sniðum í öllum skurðinum en vegna rasksins sem símalínuskurðurinn olli var ákveðið að loka honum og opna nýjan.

Könnunarskurður 3 var tekinn um 10 metra NA við skurð 2. Var hann 1 x 3 m á stærð og lá í N-S. Grafið var niður með gröfunni. Skurðurinn varð 1 m á dýpt en þá var komið niður á óhreyfða malarlagið. Í norðurhluta skurðarins mátti sjá hreyfingar á jarðvegi, líkt og í skurði 2, en ljóst er að þær eru af mannavöldum. Svo virðist sem að þarna hafi staðið bygging úr torfi og ef til vill timbri sem hafði verið fjarlæggt. Tekið var gjókusýni af dökkri gjósku sem sýnileg var í torfinu og var hún greind sem Heklugjóska, líklega frá gosinu árið 1300 (Magnús Á Sigurgeirsson 2015, bls. 4). Kanna þarf þetta svæði betur með tilliti til minja frá klausturtíma á Möðruvöllum.

Könnunarskurður 4 var tekinn um 28 metra norðan við gamla kirkjugarðinn, til móts við norðurhorn Stefánsfjóss. Skurðurinn var 1 x1 m á stærð. Á 46 cm dýpi var komið niður á móöskulag sem var um 18 cm þykkt. Í laginu var móaska, viðaraska og ljós aska (taðaska). Í því fundust einnig dýrabein og eitt postulínsbrot. Undir móöskulaginu var þunnt, dökkt gjóskulag, sem líkist laginu H-1300 og þar undir var annað móöskulag en það var mun meira moldarblandað. Þetta lag var um 25cm þykkt og lá ofan á óhreyfða malarlaginu. Skurðurinn varð 80cm djúpur. Möðruvellir eiga sér langa sögu sem búsældarleg jörð en ógerlegt er að segja til um hvort móaskan tilheyri bænum eða klaustrinu vegna þess að engir gripir fundust í henni. Móaskan er aðeins til marks um langa búsetusögu á staðnum, fyrir og eftir klausturtíma.

## Niðurstöður

Líkt og fyrr getur eiga Möðruvellir sér langa sögu sem búsældarleg jörð, prestssetur og klausturstaður. Mikið basl einkennir engu að síður rekstur klaustursins, einkum framan af, en svo virðist sem að það hafi verið rekið sem útibú frá Hólum. Það var príorsklaustur og ábóti þess var biskupinn á Hólum. Sem dæmi má nefna þá vildi biskup ekki endurreisa klaustrið þegar öll hús þess brunnu með kirkju árið 1316. Það var vegna þess bræðurnir höfðu sjálfir orðið valdir að brunanum eftir fyllerí á miðaldakaupstaðnum að Gásam. Bræðrunum tókst hins vegar sjálfum að reisa klaustrið við aftur með hjálp Ágústínusarbræðranna í Helgisetri í Noregi um áratug síðar. Brösugt gengi þess hélt þó áfram og svo virðist sem að það hafi aldrei náð að vera álíka fjölmennt og önnur samtíða klaustur í Hólabiskupsdæmi, þrátt fyrir

töluverða bóka- og jarðaeign. Í framhaldi af endurreisninni reyndi biskup ítrekað að flytja klaustrið frá Möðruvöllum til Hóla og eins og áður getur tóku deilurnar ekki enda fyrir en um miðja 14. öld. Árið 1430 var Möðruvallaklaustur síðan leigt út og var leigusalinn Hólabiskup. Þá voru þar aðeins tveir bræður, djákni og prestur. Kann ráðstöfunin að hafa verið liður í uppbyggingu þess eftir svarta dauða sem lék klaustrið grátt, ekki síst efnahagslega, eins og mörg önnur klaustur á Íslandi. Möðruvallaklaustur náði sér hins vegar eiginlega aldrei á strik aftur, ólíkt nágrannaklaustrunum á Munkaþverá og Reynistað sem blómstruðu beinlínis þegar leið á 15. öldina. Mikill bókakostur í eigu klaustursins bendir aftur á móti til þess að hlutverk Möðruvallaklausturs hafi umfram annað verið að sinna menntun fyrir Hólastól. Biskupsstólar í Evrópu ráku víða fræðasetur í klaustrum sínum, sn. *schola claustris*, og þekkt er að margir Íslendingar hafi notið menntunar í slíkum klausturskólum erlendis áður en þeir tók við eða gengu í klaustur hér heima á Íslandi. Góð bókasöfn þurftu nauðsynlega að vera til staðar í þeim. Ekki er þó víst að byggingar þess hafi verið miklar og eru þær ófundnar, þrátt fyrir nokkuð víðtæka leit að rústum þess. Þó er greinilegt að rústirnar í túninu sunnan við bæjarhúsatorfinu eru frá klausturtíma. Ekki er heldur ljóst hvort tvær kirkjur hafi verið á Möðruvöllum á klausturtíma, þ.e. klausturkirkja og sóknarkirkja. Það að klausturkirkjan hafi brunnið með klaustrinu öllu bendir til þess að hún hafi í það minnsta verið áföst klausturhúsunum eða staðið við þau. Leita þarf betur að rústunum við kirkjuna en líka á bæjarstæðinu. Brunalag frá 14. öld gæti verið vísbending um staðsetningu klaustursins.



## Heimildaskrá

Árni Daníel Júlíusson (2014). *Jarðeignir kirkjunnar 1000–1550 og tekjur af þeim*. Reykjavík: Center for Agrarian Historical Dynamics.

*Íslenzkt fornbréfasafn II* (1893). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn IV* (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn V* (1899–1902). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

*Íslenzkt fornbréfasafn IX* (1909–1913). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Janus Jónsson (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, bls. 174–265.

Kristinn Magnússon (2007). Möðruvallakirkja, Kirkjustaður. Í Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.), *Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastdæmi I*, 9. bindi, bls. 245–282. Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2015). *Klausturrannsóknir 2015*. Greinargerð 2/2015. Sótt af slóðinni: [https://hi.is/~sjk/GOS\\_2015.pdf](https://hi.is/~sjk/GOS_2015.pdf)

Orri Vésteinsson (2001). *Möðruvellir í Hörgárdal. Fornleifakönnun*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Sturlunga saga* (1988). Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík: Svart á hvítu.


# Viðaukar

## 1. Fundaskrá


| Dags.     | Nr.       | Fundur    | Efni             | Svæði<br>T.lag | J-lag         | Skráð af | Ath.   |
|-----------|-----------|-----------|------------------|----------------|---------------|----------|--|
| 22.7.2015 | 2015-22-1 | sýni 1    | jarðvegur í poka | TP1            | 36-37 cm dýpi | HJ       |  |
| 22.7.2015 | 2015-22-2 | sýni 2    | jarðvegur í poka | TP1            | 36 cm dýpi    | HJ       |  |
| 22.7.2015 | 2015-22-3 | gjóska?   | gjóska í poka    | TP3            |               | HJ       |  |
| 22.7.2015 | 2015-22-4 | sýni-bein | dýrabein         | TP4            | öskulag       | HJ       |  |
| 22.7.2015 | 2015-22-5 | diskur    | postulín         | TP4            | öskulag       | HJ       | brot af disk, botnstykki, hvítt m rauðleitu mynstri + gylltu blómi, 3,5x1,6 cm |

## 2. Teikningar


Möðruvellir  
T\_2015-22-3  
Könnunarskurður 1  
Suðursnið




Möðruvellir  
T\_2015-22-4  
Könnunarskurður 3  
Norðursnið




Möðruvellir  
T\_2015-22-5  
Könnunarskurður 3  
Vestursnið



**Möðruvellir  
T\_2015-22-1  
Könnunarskurður 4  
Vestursnið**



**Möðruvellir  
T\_2015-22-2  
Könnunarskurður 4  
Norðursnið**



### 3. Ljósmyndaskrá

| Ljósmyndaskrá          |                            |   |             |              |
|------------------------|----------------------------|---|-------------|--------------|
| <b>Rannsóknastaður</b> | Möðruvellir                |   |             |              |
| <b>Leyfisnúmer</b>     | 2015050055                 |   |             |              |
| <b>Safnnúmer</b>       | 2015-22                    |   |             |              |
|                        |                            |   |             |              |
| Leyfisnúmer            | Heiti                      | Myndefni, stutt lýsing                  | Ljósmyndari | Athugasemdir |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_01 | Horft yfir Jaðar rústasvæði/Vaðlaheiði  | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_02 | Horft yfir Jaðar rústasvæði/Vaðlaheiði  | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_03 | Grafan kemur                            | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_04 | TP1 undirbúinn Hermann, Scott, Steinunn | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_05 | Grafa að fara að taka TP1               | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_06 | Grafa að fara að taka TP1               | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_07 | Grafa að fara að taka TP1               | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_08 | Kristján á gröfundi                     | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_09 | Mold úr TP1                             | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_10 | Botn TP1 og Scott                       | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_11 | Suðursnið á TP1                         | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_12 | Suður og suðaustursnið TP1              | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_13 | Spjald TP1 austur                       | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_14 | Suðursnið TP1 (1)                       | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_15 | Suðursnið TP1 (2)                       | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_16 | Suðursnið TP1 (3)                       | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_17 | Suðursnið TP1 (4)                       | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_18 | skilti fyrir TP1                        | HJ          | óskýr mynd   |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_19 | snið í suður TP1                        | HJ          |              |
| 201505-0055            | Möðruvellir_20150623_HJ_20 | skilti fyrir TP1                        | HJ          |              |

|             |                            |                                      |    |                              |
|-------------|----------------------------|--------------------------------------|----|------------------------------|
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_21 | TP2 opnaður                          | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_22 | TP2 opnaður                          | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_23 | TP2 opnaður                          | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_24 | TP2 opnaður                          | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_25 | TP2 opnaður                          | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_26 | TP2 opnaður                          | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_27 | TP2 skilti                           | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_28 | TP2 snið í norður (1) vinstri> hægri | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_29 | TP2 snið í norður (2) vinstri> hægri | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_30 | TP2 snið í norður (3) vinstri> hægri | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_31 | TP2 snið í norður (4) vinstri> hægri | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_32 | TP2 allt norðursnið                  | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_33 | TP2 plan botn                        | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_34 | TP2 frágangur                        | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_35 | TP3 snið í norður                    | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_36 | TP3 snið í norður                    | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_37 | TP3 snið í norður og skilti          | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_38 | TP3 snið í vestur                    | HJ | nyrsti hluti/svört gjóska    |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_39 | TP3 snið í vestur                    | HJ | myndir frá hægri til vinstri |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_40 | TP3 snið í vestur                    | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_41 | TP3 snið í vestur                    | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_42 | TP3 snið í vestur                    | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_43 | TP3 snið í vestur                    | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_44 | TP3 snið í vestur                    | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_45 | TP3 snið í vestur – allt             | HJ |                              |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_46 | TP3 snið í vestur                    | HJ | með svartri gjósku           |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_47 | TP3 snið í vestur                    | HJ | með svartri gjósku           |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_48 | TP3 snið í vestur                    | HJ | með svartri gjósku           |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_49 | TP3 snið í vestur                    | HJ | með svartri gjósku           |

|             |                            |                                 |    |                       |
|-------------|----------------------------|---------------------------------|----|-----------------------|
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_50 | TP3 snið í vestur               | HJ | með svartri gjósku    |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_51 | Nunnuhóll sunnan af Möðruvöllum | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_52 | Nunnuhóll                       | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_53 | Möðruvellir frá Nunnuhól        | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_54 | Til suðausturs frá Nunnuhól     | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_55 | Kaldbakur séður frá Nunnuhól    | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150623_HJ_56 | engin mynd                      |    |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_57 | TP4 í suður                     | HJ | vitlaus átt á spjaldi |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_58 | TP4 í suður                     | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_59 | TP4 í suður                     | HJ | ýmis aska sýnileg     |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_60 | TP4 í suður                     | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_61 | TP4 í suður                     | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_62 | TP4 í suður                     | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_63 | TP4 í suður                     | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_64 | TP4 í suður                     | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_65 | TP4 í suður öskulag             | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_66 | TP4 í suður                     | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_67 | TP4 í suður                     | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_68 | TP4 í suður-allt suðursnið      | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_69 | TP4 í suður-allt suðursnið      | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_70 | TP4 í suður-allt vestursnið     | HJ | rétt átt á spjaldi    |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_71 | TP4 í vestur                    | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_72 | TP4 í vestur                    | HJ |                       |
| 201505-0055 | Möðruvellir_20150624_HJ_73 | TP4 í vestur                    | HJ |                       |

#### 4. Kort af miðaldaklaustrunum

